

## Breytingartillaga

við frumvarp til laga um búfjárhald.

Frá atvinnuveganefnd.

1. Í stað orðanna „staðsetningu þess og fódurbirgðir“ í 5. tölul. 3. gr. komi: staðsetningu þess, fódurbirgðir og landstærðir nytjalands.
2. Á eftir 6. gr. komi ný grein, svohljóðandi:  
Loðdýrum skal ávallt haldið í tryggri vörslu.  
Ráðherra er heimilt að kveða á um vörslukröfu loðdýra með reglugerð. Í reglugerðinni er m.a. heimilt að kveða nánar á um varnir gegn því að dýr sleppi úr haldi, dýrheldni búra og skála, inngang loðdýrabúa, lokunarbúnað dyra, girðingar, gildirur og önnur áhöld til að fanga dýr sem sleppa og skyldur umráðamanna til viðbragða ef loðdýr sleppur úr vörslum.
3. Við 9. gr.
  - a. Í stað síðari málsliðar 2. mgr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Einnig skal koma fram gróffóðuruppskera af hefðbundnum nytjatúnum og leigutúnum og fyrningar auk upplýsinga um aðra fóduröflun. Þá skulu koma fram upplýsingar um landstærðir nytjalands.
  - b. Síðari málsliður 6. mgr. orðist svo: Öðrum opinberum aðilum og leiðbeiningarmiðstöð skv. 4. tölul. 1. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, með síðari breytingum, er heimilt að nota upplýsingar úr skýrslum skv. 2. mgr. að fengnu leyfi Matvælastofnunar.
4. 11. gr. orðist svo:  
Matvælastofnun er heimill aðgangur að gripahúsum og/eða beitolöndum í þágu upplýsingaöflunar samkvæmt lögum þessum. Meini umráðamaður búfjár stofnuninni aðgang skal það tilkynnt til lögreglu.  
Umráðamönnum búfjár sem njóta opinberra greiðslna í landbúnaði þar sem fjöldi gripa er grundvöllur greiðslu er skylt að veita Matvælastofnun atbeina við að staðreyna fjölda gripa með talningu, m.a. með því að heimila starfsmönnum stofnunarinnar aðgang að gripahúsum og/eða beitolöndum. Sinni umráðamaður ekki skyldunni er Matvælastofnun heimilt að fella niður þær opinberu greiðslur sem grundvallast á talningunni þar til atbeininn hefur verið veittur.
5. 13. gr. orðist svo:  
Það varðar mann sektum ef:
  - a. hann brýtur gegn banni við búfjárhaldi samkvæmt samþykktum sveitarstjórnar skv. 4. gr.,
  - b. hann vanrækir vörsluskyldu samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar eða sveitarstjórna skv. 5. gr.,
  - c. hann vanrækir vörsluskyldu graðpenings skv. 6. gr.,
  - d. hann stuðlar að því að búfé gangi um og sé á beit gegn banni skv. 8. gr.,

- e. hann er umráðamaður búfjár og sinnir ekki fyrirmælum Matvælastofnunar um raf-ræna skráningu skv. 10. gr.,
- f. hann vanrækir skilaskyldu haustskýrslu skv. 10. gr.,
- g. hann meinar aðgang skv. 12. gr.,
- h. hann vanrækir merkingarskyldu og vörsluskyldu samkvæmt stjórnvaldsfyrirmælum settum skv. 13. gr.

Gera má lögaðila sekt vegna brots skv. 1. mgr. óháð sök fyrirvarsmanns lögaðilans, starfsmanns hans eða annars á hans vegum í starfsemi lögaðilans. Lögaðila verður gerð refsing þó að ekki verði staðreynt hver þessara aðila hafi átt í hlut. Refsiábyrgð stjórnvalda er bundin sömu skilyrðum, enda hafi verið framið brot skv. 1. mgr. í starfsemi sem telst vera sambærileg starfsemi einkaaðila.

Tilraun til brota og hlutdeild í brotum samkvæmt 1. mgr. eru manni refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

6. Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 2013“ í 14. gr. komi: 1. janúar 2014.